



Skólaráðsfundur 13. febrúar 2020

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Ásta Óskarsdóttir sem fulltrúar kennara, Geirný Geirsdóttir og Vala Vilhjálmsdóttir fulltrúar foreldra, Sigmundur Már Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Jenný Lárusdóttir framkvæmdarstjóri UMFN sem fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Sigurður Magnússon formaður nemendafélags skólans og Mikael Freyr Hilmarsson fulltrúi úr 9. bekk, Kári S. Halldórsson var forfallaður. Guðný Björg Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritar fundargerð.

1. Ásgerður, skólastjóri Njarðvíkurskóla, fór yfir skóladagatal fyrir næsta skólaár. Lagt til samþykktar skólaráðs og samþykktu allir. Skóladagatal verður svo sent til fræðsluráðs til samþykktar áður en það er gert opinbert.
2. Ásgerður fór yfir þætti er varða skipulag fyrir næsta skólaár;
  - a. Sameiginleg auglýsing fyrir Reykjanesbæ verður birt í fjölmiðlum en auglýsa þarf stöður sem eru mannaðar með leiðbeinendum.
  - b. Skólinn hefur sótt um að vera heilsueflandi skóli og er það eitt af endurmenntunarverkefnum næsta skólaárs.
  - c. Búið er að birta umbótaáætlun sem unnin var í kjölfar á skýrslu um ytra mat. Vinna við umbótaáætlun er hafinn.
3. Ásgerður fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir við skólann;
  - a. Haldið áfram að setja klæðningu utan á skólann, búið er að klæða 1/3 af skólanum
  - b. Vantar skólastofu svo ákveðið hefur verið að taka út tölvuver skólans og kaupa Cromebook tölvur sem fara á milli stofa í tölvuvagni.
  - c. Sótt hefur verið um færanlegar kennslustofu til að setja á skólalóðina til að bregðast við húsnæðisvanda.
  - d. Búið er að kaupa nýjar gárdínur á 1. og 3. hæð skólans og verður einnig pantað fyrir kennslustofur á 2. hæð.
4. Önnur mál:
  - a. Ásgerður sagði frá verkefni sem skólinn fékk styrk í, forritarar framtíðarinnar. Mjög flott verkefni sem styrkir bæði kenara sem nemendur í forritun.
  - b. Hrósið fyrir leiklistarkennslu á miðstigi
  - c. Rætt um skipulag á árs hátíð skólans, það verður ákveðið þema þar sem hver árgangur sem er með atriði tekur fyrir ákveðið tónlistarþema en auk þess geta áhugasamir nemendur tekið þátt í opnunatriðinu sem og lokaatriði.
  - d. Sagt frá skipulagi lestrarsprettis. Ánægja með útfærslu lestrarsprettis hjá nemendum og kennurum.
  - e. Rætt um að bæta megi upplýsingarstreymi til nemenda og foreldra um viðburði hjá nemendum, s.s. Gettu betur keppnina.

Fundaritari: Guðný B. Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri